

Nd.

359. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Tveir nm. skila sérstöku álit og leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Höfn í Hornafirði nýtur nú þegar þeirrar aðstoðar frá ríkinu, sem fyrir er mælt í hinum almennu hafnarlögum, eða 40 hundraðshluta styrks og ríkis-ábyrgðar fyrir allt að 60 af hundraði af kostnaði við hafnargerð, en þeirri einu landshöfn, er stofnuð hefur verið samkvæmt lögum, hefur eigi verið unnt að ljúka sökum fjárskorts ríkissjóðs og heldur eigi er lokið heildarathugun um landshafnir, telur deildin eigi ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. febr. 1949.

Finnur Jónsson,
form., frsm.

Pétur Ottesen,
fundaskr.

Sigurður Kristjánsson.